**Umhverfisstofnun**
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Hverahlíð 24
810 Hveragerði

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 31. ágúst 2009
Tilvísun: UST20090500109/ksj

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005 - 2017**

Vísað er til erindis Hveragerðisbæjar er barst 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005 - 2017. Í tillögunni felst tvöföldun Suðurlandsvegar og aðlögun að landnotkun, erindinu fylgja greinargerð og uppdrættir.

Umhverfisstofnun hefur skoðað tillögu að breyttu aðalskipulagi Hveragerðisbæjar. Breytingin felur í sér færslu mannvirkja innan svæðis sem er nokkuð raskað vegna fyrri vegaframkvæmda. Að mati Umhverfisstofnunar ætti tilfærsla Suðurlandsvegar lítillega til suðurs ekki að hafa veruleg áhrif á náttúruverndarsvæði Varmár sem er á svæði nr. 751 á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun